

# 2013



## Ársskýrsla Sveitmenntar árið 2013



**Starfsgreinasamband  
Íslands**



**SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA**

Ársskýrsla Sveitamenntar 2013  
starfsmenntasjóðs starfsmanna  
sveitarfélaga á landsbyggðinni  
10. júní 2014

## Efnisyfirlit

Formáli.....	4
Almennar upplýsingar .....	4
Stjórn og starfsmenn .....	5
Reglur Sveitamenntar vegna styrkja.....	5
Breytingar á reglum sjóðsins gerðar 2013.....	6
Einstaklingsstyrkir árið 2013.....	8
Styrkir úr sveitarfélagadeild Sveitamenntar.....	13
Fræðslustjóri að láni .....	15
Önnur verkefni Sveitamenntar .....	16
Fræðsla og kynningarstarf .....	19
Kynningarbæklingar Sveitamenntar til einstaklinga og stofnanna sveitarfélaga.....	19
Lokaorð.....	20

### Fylgiskjöl:

- Rekstrarreikningur 2013
- Efnahagsreikningur 2013

## Formáli

Sveitamennt SGS og LN er starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands.

Sveitamennt tók formlega til starfa 1. janúar 2007 og byggir á gr. 13.4.3. um starfsmenntunarsjóð í kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga (LN) og Starfsgreinasambands Íslands (SGS).

Markmið sjóðsins er annars vegar að auka möguleika sveitarfélaga og stofnana þeirra á að þróa starfssvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra á hverjum tíma og efla starfsmenntun starfsmanna með það fyrir augum að þeir verði færari til að takast á við sífellt fjölbreyttari verkefni.

Sveitamennt skiptist í tvær deildir og sinnir hlutverki sínu með eftirfarandi hætti:

**Sveitarfélagadeild** sinnir hlutverki sínu með því að veita styrki til fræðsluverkefna á sviði starfsmenntunar sem eru í samræmi við markmið sveitarfélaga sem í sjóðinn greiða; stéttarfélaga sem að sjóðnum standa; eða verkefna sem sjóðstjórn skipuleggur. Auk þess styrkir deildin verkefni sem aðilar semja um í kjarasamningi.

**Einstaklingsdeild** veitir styrki til einstaklinga, félagsmanna aðildarfélaganna til þess að þeir eigi kost á að sækja nám/námskeið með vinnu án verulegs kostnaðar.

Greitt er til sjóðsins samtals 0,72% á laun starfsmanna skv. kjarasamningi og sjá aðildarfélög sjóðsins (félög SGS á landsbyggðinni) um innheimtu gegn 3% þóknun.

Sá háttur er hafður á einstaklingsstyrkjum að hver félagsmaður getur sótt um styrk til síns verkalýðsfélags sem metur umsóknina og afgreiðir styrkinn eftir starfsreglum Sveitamenntar. Verkalýðsfélagið sækir svo um endurgreiðslu til Sveitamenntar eins og oft og þurfa þykir. Þannig eru það verkalýðsfélögin sem sjá alfarið um afgreiðslu einstaklingsstyrkjanna. Öllum vafaatriðum vegna einstaklingsstyrkja er vísað til framkvæmdastjóra eða stjórnar sjóðsins.

Umsóknir sem berast til sveitarfélagadeildar sjóðsins eru sendar rafrænt á skrifstofu sjóðsins og afgreiddar á stjórnarfundum einu sinni í mánuði.

## Almennar upplýsingar

Skrifstofa Sveitamenntar, Landsmenntar, og Ríkismenntar er í Ofanleiti 2, fimmtu hæð (áður húsnæði Háskóla Reykjavíkur), en þar eru einnig til staðar Fræðslumiðstöð atvinnlífsins og Starfsmennt fræðslusetur. Þá má geta þess að Mímir-Símenntun hefur sitt aðsetur á þriðju hæð hússins. Sennilega má halda því fram að aldrei áður hafa jafnmargir aðilar sem sinna framhaldsfræðslu verið undir sama þaki, sem er mjög mikið ánægjuefni. Í húsinu er góð aðstaða til fundarhalda og nýta sjóðirnir þá aðstöðu. Þá er góð aðstaða til fjarfunda sem stjórn

Sveitamenntar nýtir ef þurfa þykir. Augljós sparnaður verður með notkun þessarar tækni ásamt því að nýta fundarsíma Símans.

## Stjórn og starfsmenn

Stjórn Sveitamenntar SGS og LN er skipuð fjórum fulltrúum sem eru eftirfarandi:

### Fulltrúar Starfgreinasambands Íslands (SGS)

**Signý Jóhannesdóttir**, formaður stjórnar, formaður Stéttarfélags Vesturlands og varaforseti ASÍ.

**Finnbogi Sveinbjörnsson**, formaður Vlf. Vestfirðinga.

Varamaður: Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar lðju og formaður SGS

### Fulltrúar Samband íslenskra sveitarfélaga

**Inga Rún Ólafsdóttir**, sviðsstjóri kjarasviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

**Sólveig B. Gunnarsdóttir**, lögfræðingur hjá kjarasviði Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

### Starfsmenn á skrifstofu

Framkvæmdastjóri Landsmenntar Kristín Njálisdóttir veitir Sveitamennt einnig forstöðu. Eyjólfur Bragason er verkefnastjóri á skrifstofu fræðslusjóðanna.

### Fundir á árinu

Stjórn Sveitamenntar hélt 10 fundi á árinu, ýmist í Ofanleiti 2 eða í fundarsíma Símans. Þá voru haldnir samráðsfundir við aðra sambærilega sjóði.

## Reglur Sveitamenntar vegna styrkja

### Sveitamennt – einstaklingsstyrkir

Styrkur til hvers félagsmanns er að hámarki kr. 60.000.- á hverju almanaksári nema þegar um er að ræða styrk vegna aukinna ökuréttinda og þriggja ára ónotaðan rétt til styrks, en sá styrkur getur numið allt að kr. 180.000.-. Félagsmaður sem hefur unnið a.m.k. 6 mánuði af síðustu 12 mánuðum og greitt til aðildarfélags Sveitamenntar á þeim tíma á rétt á styrk. Félagsmenn í atvinnuleit halda áunnum rétti sínum eins og hann var við starfslok ef þeir velja að greiða stéttarfélagsgjöld af atvinnuleysisbótum.

Nánari upplýsingar um einstaklingsstyrki er að finna í sérstökum bæklingi sem Sveitamennt gefur út og á heimasíðu sjóðsins [www.sveitamennt.is](http://www.sveitamennt.is)

## Breytingar á reglum sjóðsins gerðar 2013

### Ferða- og dvalarstyrkir

Reglur um sérstaka ferða- og dvalarstyrki voru endurskoðaðar á árinu og eru svo hljóðandi:

Akstur 50% af almennu kílómetragjaldi eins og það er ákveðið hverju sinni skv. taxa ferðakostnaðarnefndar.

Ekki er tekið þátt í ferðakostnaði vegna aksturs sem er innan við 12 km. frá námskeiðsstað eða skóla. Varðandi akstur og flug er alltaf gert ráð fyrir að menn velji ódýrustu leiðina.

Hvalfjarðargöng: Heimilt verði að niðurgreiða hverja ferð um allt að 75% af kostnaði. Viðmiðunarupphæð verði allt að kr. 700.- fyrir hverja ferð í gegnum göngin miðað við núverandi gjaldskrá Spalar hf. Miðað er við alfláttargjaldskrá Spalar hf. eins og hún er hverju sinni.

Flug: Heimilt verði að niðurgreiða kostnað um allt að 75% af hverju flugfargjaldi.

Gisting: Heimilt verði að niðurgreiða hverja gistinótt á hótelum/gistiheimilum um að hámarki kr. 6000.- þó aldrei hærra en 75% af verði gistingar pr. sólarhring.

Ferða- og dvalarstyrkir eru afgreiddir sér, en dragast frá hámarki einstaklingsstyrkja.

### Sveitamennt – styrkir til stofnana og stéttarféлага

Stofnanir og stéttarfélag geta sótt um styrk til Sveitamenntar til námskeiðshalds fyrir starfsmenn sveitarfélaga og stofnana þeirra, sem jafnframt eru félagsmenn í einhverju þeirra 16 verkalýðsfélaga utan höfuðborgarsvæðisins, sem eiga aðild að Starfgreinasambandi Íslands og þá um leið Sveitamennt.

Styrkurinn getur numið 100% af kostnaði vegna verkefna sem sótt er um.

Dæmi um nám/námskeið sem Sveitamennt styrkir: Stuðningsverkefni, tölvunámskeið, öryggis- og skyndihjálparnámskeið, nýliðafræðsla, íslenskunámskeið, fagnámskeið skv. námskrám FA, nýjungar í námsefnisgerð, sí- og endurmenntun vegna starfstengdra verkefna, þarfagreiningar eða Fræðslustjóri að láni o.m.fl.

### Náms- og kynnisferðir

Frá og með 1. september 2013 var tímaramma styrkveitinga til náms- og kynnisferða breytt á þann veg að í stað þess að þrjú ár skuli vera á milli þess að stofnanir sveitarfélaga geti sótt um hámarks styrk vegna slíkra ferða verði tímaramminn fjögur ár.

### Styrkveiting vegna náms/námskeiða erlendis

Eftirfarandi regla var samþykkt á stjórnarfundum í september vegna náms/námskeiða erlendis. Reglan tók gildi frá og með 1. september og hljóðar eftirfarandi: Ef sveitarfélag eða stofnun á þess vegum óskar eftir að senda starfsmann til að sækja nám/námskeið erlendis, sem ekki stendur til boða innanlands, getur það sótt um 75% af kostnaði ferðarinnar og 100% vegna kostnaðar við námskeið. Styrkur getur þó aldrei orðið hærri en kr. 120.000.- vegna hvers

starfsmanns. Að auki er heimilt að bæta við styrk vegna ferðakostnaðar innanlands ef fjarlægð frá heimabyggð að flugstöð í Keflavík er meiri en 100 km., sú viðbót getur numið allt að kr. 30.000.- vegna hvers starfsmanns. Námskeiðsgögn/bækur eru ekki styrkt sérstaklega.



Starfsmenn í leikskóla og grunnskóla eru meðal þeirra sem aðild eiga að Sveitamennt.


### **Þjónustusamningur við Landsmennt**

Á árinu var undirritaður nýr þjónustusamningur á milli Landsmenntar annars vegar og Sveitamenntar og Ríkismenntar hins vegar. Sveitamennt mun samkvæmt samningnum greiða kr. 220.000.- á mánuði sem er hækkun upp á kr. 35.000.-. Við endurútreikning samninga var tekið tillit til aukins starfsmannakostnaðar, en frá árinu 2010 hafa starfsmenn verið tveir. Þá hefur verkefnum verið að fjölga síðustu ár.

## Einstaklingsstyrkir árið 2013


Einstaklingsstyrkjum hefur verið úthlutað frá því að starfsemi Sveitamenntar hófst árið 2007. Úthlutað var 541 styrkjum á árinu fyrir samtals kr. 16.263.418.- eða sem svarar kr. 30.061.- pr. einstakling að meðaltali. Hér á eftir koma tölulegar upplýsingar um þróun fjölda styrkja til einstaklinga og einnig meðaltal úthlutaðra styrkja í krónum talið, aldursdreifing, kynjaskipting o.fl.

Þróun á fjölda afgreiddra einstaklingsstyrkja Sveitamenntar  
2007- 2013




Mynd 1. Nokkur fækkun var á úthlutaðum styrkjum til einstaklinga milli síðustu tveggja ára eða um 81 styrk.

## Meðaltals upphæð greiddra einstaklingsstyrkja 2007-2013



Mynd 2. Myndin sýnir þróun á meðaltalsupphæð greiddra styrkja til einstaklinga frá því sjóðurinn tók til starfa. Hámarksstyrkur til einstaklinga er kr. 60.000.- á ári og hefur verið síðan í byrjun árs 2008.


## Heildarfjöldi einstaklingsstyrkja 2013



Mynd 3. Heildarfjöldi einstaklingsstyrkja á árinu var 541 sem er fækkun um 81 styrk á milli ára, hér má sjá hvernig þeir dreifast á þau 16 félag sem nýttu sér sjóðinn á árinu.




## Hlutfall einstaklingsstyrkja á landshluta 2013




Mynd 4. Dreifing einstaklingsstyrkja á landshluta breytist lítið á milli ára, en styrkjum til Norðurlands eystra fjölga um 5% á milli ára. Félagsmenn í Einingu Iðju, Framsýn og Afli Starfsgreinafélaga eru sem fyrr duglegir að nýta rétt sinn í sjóðinn. Hafa þeir í huga að hlutfall félagsmanna þessara félaga sem aðild eiga að Sveitamennt er líka hæst á landinu.

## Kynjaskipting 2013




Mynd 5. Kynjaskipting á úthlutuðum styrkjum sýnir að styrkjum til karla fækkar um 4% á milli ára. Félagsmenn aðildarfélaga Sveitamenntar eru að lang stærstum hluta konur og er skiptingin hér í góðu samræmi við það.

### Aldursdreifing einstaklingsstyrkja 2013




Mynd 6. Aldursdreifing staðfestir að flestir innan hópsins sækja sér endurmenntunar á aldrinum 20 til 60 ára eða 90% þýðisins. Stærstur er hópurinn 21-30 ára sem er forvitnilegt vegna aldurs starfsmanna sveitarfélaga.

### Fjöldi einstaklingsstyrkja eftir námskeiðum 2013




Mynd 7. 63% nýta einstaklingsstyrki sína til framhalds-, háskóla og starfsnáms.

### Skipting fjármagns á nám/námskeið 2013




Mynd 8. Hér má sjá að 73% fjármagns fer í að styrkja fólk í starfsnám, framhaldsskóla og háskóla.

### Upphæðir einstaklingsstyrkja 2013



Mynd 9. Hér sést hvernig styrkir skiptast á upphæðir. Athyglisvert að 40% styrkja er undir kr. 20.000.- og 72% undir kr. 40.000.-.

## Erlendir ríkisborgarar vs. íslenskir



Mynd 10. Félagsmenn með erlent ríkisfang nýta sér sjóðinn vel og í samræmi við hlutfall af heildarfjölda þeirra sem eiga aðild að Sveitamennt.

### Styrkir úr sveitarfélagadeild Sveitamenntar


Sveitamennt tók til starfa eins og áður sagði 1. janúar 2007. Starfsemin fór hægt af stað og voru verkefni aðeins 5 á fyrsta starfsári þar sem úthlutun úr sveitafélagadeildinni hófst ekki fyrr en um haustið 2007. Starfsemin tók verulegan kipp strax árið eftir.

Straumhvörf verða í starfsemi sjóðsins frá árinu 2010 en þá fjölga verkefnum sem sjóðurinn styrkir úr 19 árið 2009 í 42 og þátttakendur eru orðnir 655 talsins. Á árinu 2011 heldur sama þróun áfram verkefnum fjölga úr 42 í 78 og þátttakendur orðnir um 2000 talsins og árið 2012 eru afgreidd 89 styrkloforð með um 2300 þátttakendum. Á síðasta ári fækkar verkefnum niður í 64 með um 1074 þátttakendum. Helsta skýringin á mikilli fækkun verkefna er að fræðslusjóður KÍ hætti a.m.k. tímabundið að veita styrki til náms- og kynnisferða, en almennir starfsmenn í grunnskólum á landsbyggðinni hafa tekið þátt í náms- og kynnisferðum sem eru þá styrkar af Sveitamennt vegna þeirra. Þessi ákvörðun KÍ hafði strax áhrif á úthlutun styrkja Sveitamenntar til slíkra verkefna.

Styrkt verkefni 2013 til sveitarfélaga, stofnana þeirra og félaga voru 65 talsins og hafa 53 þeirra verið gerð upp ásamt 10 verkefnum frá árinu 2012, fyrir samtals kr. 26.708.331.-.


Hér koma tölfræðilegar upplýsingar vegna styrkveitinga sveitarfélagadeildar sjóðsins. Um er að ræða mynd sem sýnir yfirlit þróunar styrkveitinga Sveitamenntar og síðan mynd sem sýnir yfirlit verkefna á árinu og hvernig dreifingin er á ýmsar tegundir verkefna.

### Yfirlit yfir þróun styrkja Sveitamenntar SGS 2007-2013




Mynd 11. Myndin sýnir þróun á fjölda verkefna sem afgreidd hafa verið af stjórn Sveitamenntar og fjölda þátttakenda á bak við þau.

### Skipting styrkloforða eftir tegundum verkefna 2013



Mynd 12. Myndin sýnir hvernig styrkir dreifast eftir tegundum verkefna.

### Hlutfallsleg skipting styrkupp hæða eftir verkefnum 2013



Mynd 13. Myndin sýnir hvernig upphæðir skiptast á verkefni. Náms- og kynnisferðir taka mest af fénu til sín.

### Fræðslustjóri að láni

Verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ byggist á að lána mannauðsráðgjafa til stofnana sveitarfélaga samkvæmt samningi við hlutaðeigandi fræðslusjóð. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál viðkomandi, dregur fram það sem vel er gert, greinir fræðsluþörf og samhæfir nýjar hugmyndir að fræðslu við það sem þegar er til og útbýr fræðsluáætlun í samvinnu við stjórnendur og starfsmenn.

Í janúar var undirritaður samningur við Borgarbyggð um Fræðslustjóra að láni. Um er að ræða samstarfsverkefni Sveitamenntar og Mannauðssjóðs Kjalara og er það í fyrsta skipti sem þessir fræðslusjóðir vinna saman að slíku verkefni. Verkefnið var unnið af Markviss ráðgjöfum Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi.



Frá undirritun Fræðslustjóra að láni fyrir Borgarbyggð. Verkefnið markar tímamót því það er það fyrsta sem Sveitamennt og Mannauðssjóður Kjalara fjármagna saman.

Þá var að sama skapi samþykkt verkefnið Fræðslustjóri að láni fyrir Akraneskaupstað sem einnig er samvinnuverkefni Sveitamenntar og Mannauðssjóðs Kjalar. Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi var framkvæmdaaðili verkefnisins.



Frá undirritun samnings um Fræðslustjóra að láni til Akraneskaupstaðar

Öldrunarheimili Akureyrar fengu einnig til sín Fræðslustjóri að láni og var Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY) ráðin til að annast verkefnið.

Verkefnið Fræðslustjóri að láni hefur mælst mjög vel fyrir og má merkja aukinn áhuga hjá sveitarfélögum og stofnunum þeirra að nýta sér þessa leið til að gera þarfagreiningu og í framhaldinu fræðsluáætlun til lengri tíma. Sveitamennt, Landsmennt, Ríkismennt, Starfsafli, Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks og nú Mannauðssjóður Kjalar eru þeir sjóðir sem koma að verkefninu í heild sinni og nýta sér það markvisst fyrir sína umbjóðendur.

## Önnur verkefni Sveitamenntar

Árið 2008 var haldinn vinnufundur/námstefna í Borgarfirði þar sem starfsmenn stéttarfélaga réðu ráðum sínum um starfsemi fræðslusjóðanna. Í ár var þetta endurtekið og enn í Borgarfirði, nú var fundarstaðurinn Hótel Borgarnes. Þátttakendur voru yfir 30 manns og komu frá 11 stéttarfélögum innan Starfsgreinasambands Íslands (SGS) á landsbyggðinni og auk þess sátu starfsmenn fræðslusjóðanna, stjórnarmenn þeirra og starfsmenn skrifstofu SGS fundinn. Veður eru oft válynd á Fróni og svo bar við á þessum tíma og því miður var ófært um allt Norðurland, sem hafði þær afleiðingar að fólk frá Öldunni, Stéttarfélaginu Samstöðu, Einingu lðju og hluti þeirra sem höfðu boðað komu sína frá Framsýn Stéttarfélagi var veðurteppt, auk þess áttu fulltrúar frá Vlf. og Sjómannafélagi Bolungarvíkur og Vlf. Þórshafnar ekki heimangengt.



Frá vinnufundi/námstefnu þeirra sem koma að starfsemi fræðslusjóða SGS í Borgarnesi

Guðrún Eyjólfsdóttir, verkefnastjóri hjá SA og stjórnarmaður Landsmenntar var fundarstjóri. Erindi var flutt af Hauki Harðarsyni frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Fjallaði það um útbreiðslu raunfærismats á Íslandi. Halla Valgeirsdóttir, einnig frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, kynnti aðferðir við greiningu á færnikröfum starfa.

Framkvæmdastjóri SGS, Drífa Snædal og Árni Steinar Stefánsson, sérfræðingur hjá SGS gerðu grein fyrir stefnu SGS í fræðslumálum og fræddu fundarmenn um yfirlýsingu ASÍ og SA um menntunaráttak vegna endurskoðunar og framlengingar kjarasamnings sem gert var í upphafi árs.

Fræmkvæmdastjóri Landsmenntar (Sveitamenntar- Ríkismenntar) Kristín Njálisdóttir kynnti starfsemi sjóðanna árið 2012, fjárhagslega stöðu þeirra og nýtingu styrkja og ræddi sína sýn á framtíð þeirra, Eyjólfur Bragason, verkefnastjóri kynnti verkefnið Fræðslustjóri að láni í framhaldinu en eins og áður hefur komið fram þá er það verkefni í boði hjá öllum þremur fræðslusjóðunum á landsbyggðinni og öðrum sambærilegum sjóðum á höfuðborgarsvæðinu.

Að kvöldi fyrri dags var móttaka Stéttarfélags Vesturlands í nýju glæsilegu húsnæði þeirra í Borgarnesi og síðan var kvöldverður í boði fræðslusjóðanna á Hótel Borgarnesi.

Að morgni næsta dags hófst dagskráin á flutningi erindis sem Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður stjórnar Landsmenntar hugðist flytja, en hann var fjarri góðu gamni, veðurtepptur á Húsavík. Árni Steinar flutti erindið en það kallaði Aðalsteinn, Markmið fræðslusjóðanna; er sýnilegur árangur? „Höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg?“

Næst var skipt í fjóra umræðuhópa hvar hver hópur fékk það hlutverk að ræða ákveðin vinnubrögð hjá sjóðunum með það að markmiði að gera starfið skilvirkara. Niðurstöður hópanna voru síðan kynntar og í kjölfarið áttu sér stað fjörugar og gagnlegar umræður.

Það er óhætt að segja að fundarmenn hafi verið ánægðir og þakklátir fyrir þennan vinnufund, ekki bara vegna skemmtilegra kynna og vinarfundar heldur vegna þess hversu gagnlegur og upplýsandi hann var. Hvatt var til þess að fljótt yrði kallað til slíks fundar eða námstefnu að nýju og reyndar fyrr en ella vegna félaga sem var sárt saknað.



## Vinnufundur fræðslusjóðanna LM, SM, RM, Starfsafls og SVS

Í nóvember var haldinn vinnufundur fræðslusjóðanna Landsmenntar, Sveitamenntar, Ríkismenntar, Starfsafls, Flóamenntar og Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks um verkefnið Fræðslustjóri að láni. Á vinnudeginum var rætt um hlutverk starfsmanna sjóðanna, hlutverk ráðgjafanna og hlutverk stjórnenda fyrirtækjanna/stofnana sem taka þátt í verkefnunum. Einnig var rætt hvernig fræðsluáætlanir ættu að vera og hvernig eftirfylgni ætti að vera háttað. Þátttakendur voru 21, þar af ráðgjafar frá Símennturamiðstöð Eyjafjarðar, Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi, Attentus og RM ráðgjöf. Sum þeirra fluttu erindi og gerðu grein fyrir aðferðum sem þau notast við í verkefninu. Aðrir voru starfsmenn eða stjórnarmenn sjóðanna.

Unnur Guðríður Indriðardóttir starfsmaður VR var fundarstjóri og gerði samantekt á helstu niðurstöðum fundarins og eru hér helstu atriði úr samantekt hennar.

Greinileg þörf var fyrir þá samræðu sem átti sér stað, en flestir höfðu mikið til málanna að leggja. Hópnum var skipt í þrjá minni hópa og voru skipaðir hópstjórar og ritarar. Umræðupunktur hópanna voru skráðir niður á glærur sem voru notaðar til kynningar á niðurstöðum hópanna.

## CEDEFOP heimsókn

Eyjólfur Bragason fékk styrk frá Landskrifstofu LME til að taka þátt í ráðstefnu sem nefndist, Older workers in companies and on the labour market, en hún var haldin í Düsseldorf dagana 13. til 17. maí. Þátttakendur komu frá Englandi, Eistlandi, Búlgaríu, Rúmeníu, Frakklandi, Hollandi, Finnlandi, Slóveníu, Tékklandi og Íslandi.

Þátttakendur starfa við mismunandi stofnanir s.s. hjá skrifstofum verkalýðsfélaga, á skrifstofum einstakra stéttarfélaganna (t.d. félag ljósmæðra), háskólum og starfsmenntasjóðum. Þótt starfsheiti væru ólík þá voru viðfangsefnið hjá öllum tengd þema heimsóknarinnar. Það var mjög fróðlegt að heyra hvernig þátttaka eldri starfsmanna á vinnumarkaði er í umræddum löndum, en hún er æði mismunandi. Atvinnuleysi er mismikið og þá eru réttindi fólks mjög ólík á milli landanna. Breytingar á þeim hafa verið miklar á síðustu tuttugu árum þá sérstaklega hvenær fólk getur tekið eftirlaun. Eftirlaunaaldur hefst á aldursbilinu 62- 68 í löndunum, oft gildir ekki það sama um konur og karla (Austur Evrópa). Í Englandi getur fólk unnið eins lengi og það vill (fær). Fyrir fall múrsins var algengt að V. Þjóðverjar færu á eftirlaun eftir fimmtugt, það sama átti við í Frakklandi og Hollandi. Það hefur breyst og er nú á svipuðum nótum og tíðkast almennt á Vesturlöndum þ.e. 67-68 ára. Athyglisverð er sú þróun sem á sér stað í nokkrum löndum að fólk getur minnkað við sig vinnu smátt og smátt 75%, 50% og 30%, þannig heldur það sambandi lengur við vinnufélagana og skilin verða ekki eins skörp. Þetta fólk er gjarnan notað til að miðla reynslu sinni og þekkingu til yngri starfsmanna. Eins og áður sagði þá kom fólk úr ólíkum áttum en í öllum löndunum var fólk að glíma við sömu málin, erfiðleika fyrir eldra fólk að fá vinnu ef það hafði dottið af vinnumarkaði, að skipta um starf, örar breytingar á störfum, menntun eldri starfsmanna og heilbrigði þeirra.

## Fræðsla og kynningarstarf

Kynningarstarf er nauðsynlegur þáttur í starfi Sveitamenntar. Lagður er mikill metnaður í að heimasíðan sé ávallt með réttar upplýsingar um réttindi félagsfólks og því fluttar fréttir af starfi sjóðsins. Starfsmenn sjóðsins rita greinar í blöð og tímarit ásamt því að auglýsa sjóðinn í blöðum stéttarféлага, símenntunarstöðva og öðrum fjölmiðlum sem og hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Heimsóknir til sveitarfélaga og stofnana þeirra skilar jafnan góðum árangri. Fundað er með stjórnendum og starfsmönnum og starfsemi sjóðsins kynnt. Bæklingar með kynningarefni eru skildir eftir. Þótt hér sé um tímafrekt verk að ræða sýna dæmin að stjórnendur taka oft vel við sér og hrinda af stað ýmis konar fræðslu sem sjóðurinn styrkir.



Kynningarbæklingar Sveitamenntar til einstaklinga og stofnanna sveitarfélaga.

## Lokaorð

Starfsemi Sveitamenntar hefur verið með hefbundnum hætti árið 2013. Töluvert færri umsóknir bárust frá stofnunum og einnig frá einstaklingum sem sækja styrki í sjóðinn árið 2013. Hvað veldur liggur ekki fyrir en vonandi verður það hins vegar hvatnig til starfsmanna, fræðsluaðila og stéttarféлага til að hvetja bæði einstaklinga og stofnanir að nýta rétt sinn í Sveitamennt. Það er og verður hlutverk Sveitamenntar að leggja félagsmönnum lið í viðleitni þeirra að auka hæfni þeirra og menntun.

Það sem einkenndi starf fræðslusjóðanna á þessu ári var hið nána samstarf sem tókst á milli sjóðanna. Þannig var haldinn vinnufundur meðal starfsmanna sjóðanna, Sveitamenntar, Ríkismenntar, Landsmenntar, Starfsafls, Flóamenntar og Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks (SVS) og stjórnarmanna þeirra með ýmsum fræðsluaðilum sem hafa sinnt verkefnum sem sjóðirnir hafa styrkt m.a. verkefnið Fræðslustjóri að láni auk þess að kenna ýmis námskeið. Verkefni fundarins var að greina hvernig verkefnið Fræðslustjóri að láni væri unnið og hvernig mætti bæta það. Í kjölfarið héldu starfsmenn sjóðanna nokkra vinnufundi til að vinna úr niðurstöðum fundarins. Það er trú starfsmanna að betri og markvissari árangur náist ef sjóðirnir vinni eftir sömu eða svipuðum vinnureglum.

Á þessu ári var einnig haldinn vinnufundur meðal starfsmanna Sveitamenntar (LM og RM), stjórnarmanna og starfsmanna stéttarféлага sem eiga aðild að sjóðunum. Fundurinn var haldinn í Borgarnesi og þótti takast vel, það vel að þátttakendur voru á einu máli um að halda slíkan fund aftur sem fyrst.

Það er að verða staðreynd að fyrirtæki og stofnanir leggja meir upp úr fræðslu og þjálfun starfsmanna, sem er mjög ánægjulegt. Í nýlegri rannsókn kom fram að 2% af brúttóveltu fer í þennan þátt rekstursins. Markmiðið með því að setja svo mikið fé til fræðslu staðfestir að fólk sér tækifæri til uppbyggingar og framfara í þeirri starfsemi sem það vinnur við.

Reykjavík, 10. júní 2014

Kristín Njálisdóttir, framkv.stj.

Eyjólfur Bragason, verkefnastjóri